

LÖG

um

**breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði,
nr. 10, 20. júní 1923.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skatt þann til sýsluvegasjóðs, er 3. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, ræðir um, er hreppsfjelagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sje það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sje tilkynning þar um kominn til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupþúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum

Gjald þetta hefir lögtaksrjett.

2. gr.

Nú er lagt fje til akvega samkvæmt síðari málsgrein 5. gr., og greiðist þá framlag úr ríkissjóði móts við samanlagt framlag hrepps og sýslusjóðs, eftir sama hlutfalli og ákveðið er í 8. gr. laganna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 22, 4. júní 1924, um breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson,